



Til Norrænu ráðherranefndarinnar

Skrifleg fyrirspurn um bann við fiskveiðum á viðkvæmum svæðum í Norður-Íshafi

Samfara því að loftslagsbreytingar hafa rekið fiskistofna norðar á bóginn og brætt hafisinn umhverfis norðurskautið, höfum við orðið vör við aukna möguleika á fiskveiðum á úthafinu í Norður-Íshafi.

Í júlí 2015 ákváðu ríkin fimm sem koma að norðurskautssvæðinu; Danmörk, Noregur, Kanada, Bandaríkin og Rússland, að undirrita fiskveiðisamning þar sem kveðið er á um friðun Norður-Íshafs um sinn. Samningurinn felur ekki í sér algert bann við fiskveiðum á viðkvæmum svæðum, en þess í stað hafa löndin skuldbundið sig til þess að hefja ekki veiðar á úthafi fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hvað felst í sjálfbærum fiskveiðum og gerður hefur verið fiskveiðisamningur í ætt við þá sem fyrir eru, t.d. um veiðar í Norður-Atlantshafi, þar sem fyrirfram ákveðnum fiskveiðikvóta er skipt á milli hlutaðeigandi aðila.

Frá okkar bæjardyrum séð felst vandinn nú í því, að samningurinn tekur ekki til allra ríkja. Miklar fiskveiðipjóðir á borð við Japani og Kínverja, auk Spánverja, Breta og annarra innan ESB, hafa enn rétt til að veiða á úthafi norðurslóða.

Því beinum við eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar:

- Ætla Norræna ráðherranefndin og norrænu ríkisstjórnirnar að beita sér fyrir því að samningurinn um fiskveiðar á viðkvæmum svæðum norðurslóða taki til allra landa, og þá hvernig?
- Ætla Norræna ráðherranefndin og norrænu ríkisstjórnirnar að stefna að algeru banni við fiskveiðum á viðkvæmum svæðum norðurslóða, eða telja þau samninginn síðan í júlí 2015 fullnægjandi?

Vestmannaeyjum, 27. júní 2016

Ineqi Kielsen (S)
Irene Johansen (A)
Karin Gaardsted (S)
Knut Storberget (A)
Suzanne Svensson (S)